

Nd.

90. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 20. apríl 1872 (þskj. 39).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir leitað umsagnar borgarstjóra Reykjavíkur um þetta mál, sem snertir eingöngu bæjarstjórn Reykjavíkur, og er skýrsla hans prentuð hjer með sem fylgiskjal.

Meiri hluta nefndarinnar þykir ekki þörf á því að afgreida þessa einu

breytingu á bæjarstjórnartilskipuninni sem lög frá Alþingi að þessu sinni, þar sem vænta má, að hún, ásamt öðrum breytingum, komi fram þegar á næsta þingi að tilhlutun bæjarstjórnarinnar, og að öðru leyti vísun vjer til skýrslu borgarstjóra. Því skal við bætt, að fastanefndir bæjarstjórnar allar, að skólanefnd undanskilinni, eru kosnar annaðhvert ár, að nýafstöðnum bæjarstjórnarkosningum, og var síðast kosið í fastanefndir í febr. þ. á. Næsta kosning í fastanefndir á fram að fara í jan. eða í febr. 1924, og þótt málið bíði næsta þings, verður það afgreitt nægilega snemma til þess, að hlutfallskosningu má nota við næstu kosningu fastanefnda í bæjarstjórninni. Allir nefndarmenn láta þess getið, að þeir eru efni frv. hlyntir og munu vilja styðja að því, að breytingin verði lögtekin við væntanlega endurskoðun tilskipunarinnar á næsta þingi. Leggur meiri bl. því til, að málinu verði að þessu sinni vísað frá með svo feldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að bæjarstjórn Reykjavíkur hefir í undirbúningi endurskoðun á tilskipuninni um bæjarstjórn í Reykjavík í heild, og frv. til laga þar að lútandi mun verða lagt fyrir næsta þing, þykir deildinni ekki þörf á að afgreiða þessa breytingu út af fyrir sig að svo stöddu, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. mars 1922.

Stefán Stefánsson,
form.

Jón Þorláksson,
fundaskr. og frms. meiri hl.

Einar Þorgilsson.

Björn Hallsson.

Fylgiskjal.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. mars 1922.

Allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis hefir beiðst umsagnar minnar um frumvarp til laga um breyting á tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 20. apríl 1872, sem alþingismaður Jón Baldvinsson flytur á Alþingi og prentað er á þingskjali 39.

Fyrir 2 árum síðan, þegar kosning fastra nefnda í bæjarstjórn fór fram, að nýafstöðnum kosningum, kröfðust jafnaðarmenn í bæjarstjórn, að nefndir væru skipaðar með hlutfallskosningu, en bæjarstjórn leit svo á, að

það væri óheimilt samkvæmt fundarsköpum hennar og ákvæðum tilskipunarinnar frá 1872. Síðan hefir þessu máli ekki verið hreyft í bæjarstjórninni þangað til á fundi 16. f. m., er kjósa skyldi í fastar nefndir. Jafnaðarmenn kröfðust þá aftur hlutfallskosninga, en bæjarstjórnin taldi þá aðferð óheimila, af sömu ástæðum og fyr.

A framhaldsfundi bæjarstjórnar, sem haldinn var 21. febrúar þ. á., flutti bæjarfulltrúi Jón Baldvinsson, með leyfi bæjarstjórnar, utan dagskrár, svo látandi tillögu til breytingar á fundarsköpum bæjarstjórnar Reykjavíkur:

»Við 15. gr. Aftan við greinina bætist:

Þó geta minst 4 bæjarfulltrúar krafist hlutfallskosningar við kosningu nefnda«.

Máli þessu var vísað til nefndar, sem skipuð var á sama fundi »til þess að semja og leggja fyrir bæjarstjórnina frumvarp til laga um bæjarmálefni Reykjavíkur og tekjur bæjarsjóðs, og verði með þeim lögum úr gildi numin öll gildandi lagafyrirmæli um þetta efni. Skal nefndin hafa lokið störfum fyrir lok septembermánaðar næstkomandi«.

Nefnd þessi (bæjarlaganefndin) var skipuð í tilefni af því, að fyrir bæjarstjórn lágu frumvörp til laga um bæjargjöld og um kosningar í bæjarmálefnum, en við ihugun þessara mála komst bæjarstjórnin að þeirri niðurstöðu, að þar sem löggjöfin um stjórn bæjarmálefna hjer í bænum hefir ekki verið endurskoðuð í 50 ár, en fjölda margar breytingar gerðar á einstöku atvöldum, mundi heppilegra að koma öllum lagaákvæðum um þessi efni í eina heild og leggja frumvarp um það fyrir næsta Alþingi, þar sem nú gæti ekki unnist tími til þess að ganga frá slíku frumvarpi.

Bæjarfulltrúi Jón Baldvinsson var óánægður með þessi úrslit, og notar nú stöðu sína sem þingmaður bæjarins til að flytja á Alþingi frumvarp til laga um það mál, sem bæjarstjórnin hefir til meðferðar og hefir vísað til nefndar, og leiði jeg hjá mjer að lýsa skoðun minni á slíkri aðferð.

Á fundi bæjarstjórnarinnar 2. þ. m. hreyfði Jón Baldvinsson því, að rjett væri að bæjarstjórnin með fundarályktun tjáði sig samþykka því, að frumvarp það, sem hjer ræðir um, yrði gert að lögum. Jeg ljét þess getið, að bæjarstjórnin þyrfti þá fyrst að taka málið úr höndum nefndar þeirrar, sem hefði það til meðferðar, og í sama streng tóku bæjarfulltrúar, enda kom ekki fram nein tillaga frá Jóni Baldvínssyni eða öðrum bæjarfulltrúum.

Jeg býst við, að meiri hluti bæjarstjórnar muni vera því samþykkur, að hlutfallskosning verði leyfð við kosningu nefnda innan bæjarstjórnar, enda þótt það mál sje ekki útrætt innan bæjarstjórnarinnar, en jeg veit hins vegar, að sami meiri hluti er því algerlega andstæður, að farið verði nú að setja enn eina bót á hina gömlu tilskipun um stjórn bæjarmálefna, þar sem ekki er brýn nauðsyn, og sjerstaklega veit jeg, að meiri hluti bæjarstjórnar er enn þeirrar skoðunar, sem bæjarstjórnin hefir oft áður látið í ljósi, að ekki geti farið vel á því, að Alþingi löggefi um sjerstök málefni bæjarins, án þess að málefnið hafi verið rætt í bæjarstjórn og ályktun gerð um það þar. Háttvirt allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis hefir og áður verið sömu skoðunar, og vænti jeg, að svo sje enn, og að háttvirt nefnd komist því að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að fella frumvarpið, þar sem ekki virðist geta stafað nein hætta af því fyrir bæjarfjelagið eða þjóðfjelagið, þótt breyting á þessu lagaákvæði biði

næsta þings, er bæjarstjórn Reykjavíkur væntanlega lætur leggja fram frumvarp til heildarlaga um bæjarstjórn í kaupstaðnum.

Ef háttvirt allsherjarnefnd skyldi óska frekari upplýsinga, þessu máli til skýringar, er jeg reiðubúinn að koma til viðtals við nefndina.

K. Zimsen.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.